ECODIGITAL VERKEFNIÐ

FRÉTTATILKYNNING | OKTÓBER 2023

MENNTAKVIKA 2023 RÁÐSTEFNA Í MENNTAVÍSINDUM HÁSKÓLI ÍSLANDS: ECODIGITAL VERKEFNIÐ

Reykjavík, Ísland

Menntakvika var haldin í 27. skipti í september 2023. Að þessu sinni var opnunarmálstofa helguð tengslum menntastefnu og farsældar. Menntakvika leiðir saman á hverju ári fjölda fagfólks og hagsmunaaðila sem láta sig menntun varða. Á menntakviku fer fram fjölbreytt þekkingarmiðlun fyrir alla sem hafa áhuga á menntamálum.

Á menntakviku var verkefnið ECO digital kynnt á málstofu sem kallaðist: Græn framtíð og farsæld barna. Flutningsmenn voru: Dr. Rannveig Björk Þorkelsdóttir og Jóna Guðrún Jónsdóttir, leiklistarkennarar við Háskóla Íslands.

Hvernig má draga úr umhverfisáhrifum stafrænnar tæknivæðingar?

Árið 2021 hlýnaði norðurheimskautið tvöfalt hraðar en aðrir heimshlutar og var það sjöunda hlýjasta árið sem mælst hefur. Árið 2022 og 2023 mun mannkynið brenna meira kolefni en nokkru sinni fyrr þegar hagkerfi heimsins hafa jafnað sig eftir Covid-19 heimsfaraldurinn. Á sama tíma hafa loftslagsbreytingar þegar haft áhrif á alla heimshluta á margvíslegan hátt, en breytingarnar sem við erum að upplifa munu magnast með frekari hlýnun. Þróunar- og rannsóknarverkefnið Eco digital miðar að því að hvetja fleiri og fleiri til að átta sig á mikilvægi stafræns úrgangsvandamáls (digital waste) og þróa jákvæðar breytingar á hegðun ungs fólks. Vitundarvakning og fræðsla um að draga úr losun koltvísýrings frá net- og skýjanotkun gæti leitt til jákvæðra niðurstaðna. EcoDigital verkefnið miðar að því að að styðja kennara og nemendur í að bæta þekkingu sína á umhverfisáhrifum stafrænnar tæknivæðingar. Framkvæmd var könnun til að leggja mat á vitundarstig stafræns úrgangsvanda í skólasamfélaginu. Eins var útbúið kennsluefni fyrir kennara og nemendur og fræðsluefni fyrir foreldra, skólastjórnendur og aðra hagsmunaaðila. Niðurstöður þeirrar vinnu verða kynntar.

Um menntakviku:
Menntakvika leiðir saman á hverju ári fjölda fagfólks og hagsmunaaðila sem láta sig menntun varða. Ráðstefnan fer fram að hausti ár hvert og þar eru kynntar rannsóknir um það sem efst er á baugi í menntavísindum hér á land

Co-funded by the European Union

EcoDigital is an Erasmus+ project
Funded by the European Union. Views and opinions expressed are however those of the author(s) only and do not necessarily reflect those of the European Union or the European Education and Culture Executive Agency (EACEA). Neither the European Union nor EACEA can be held responsible for them.

[Project number: 2022-1-IS01-KA220-SCH-000086751]